

# Skýrsla Fagdeildar fræðslu- og skólafélagsráðgjafa fyrir aðalfund Félagsráðgjafafélags Íslands 2023

Fagráð fagdeildar: Guðbjörg Edda Hermannsdóttir formaður, Krístrún Helga Ólafsdóttir ritari og dr. Sigrún Harðardóttir meðstjórnandi.

Yfirlit yfir helstu störf Fagdeildar fræðslu- og skólafélagsráðgjafa á starfsárinu 2022- 2023:

Á starfsárinu boðaði fagdeildin starfandi skólafélagsráðgjafa til fundar þann 25. maí 2022. Dagskrá fundarins var fjölbreytt. Byrjað var á því að kynna fyrirhugaða ráðstefnu um áfallamiðað skólastarf sem halda átti 3. nóvember, kynna ráðstefnu fyrir skólafélagsráðgjafa í Bandaríkjunum vorið 2023 og fyrirhugað diplómanám á meistarastigi í skólafélagsráðgjöf við HÍ. Auk þess var ákveðið að kalla eftir hugmyndum að viðfangsefni áætlaðra starfsdaga/fræðsludaga fyrir skólafélagsráðgjafa á haustönn. Þá var einnig rætt um launamál og fyrirhugað starfsmat skólafélagsráðgjafa sem heyra undir Samband Íslenskra sveitarfélaga.

Fagdeild fræðslu- og skólafélagsráðgjafa ákvað að bjóða upp á hóphandleiðslu einu sinni í mánuði fyrir félagsráðgjafa í skólum frá haustinu 2022 undir handleiðslu dr. Sigrúnar Harðardóttur. Handleiðslan hefur farið vel af stað og hafa sjö félagsráðgjafar tekið þátt í handleiðslunni.

Í september 2022 óskaði starfshópur í mennta- og barnamálaráðuneytinu sem vann að mótun leiðbeininga fyrir starfsfólk og skólastjórnendur grunnskóla eftir viðbrögðum frá Fagdeild fræðslu- og skólafélagsráðgjafa varðandi atvik sem kunna að koma upp í skólastarfi. Þar á meðal var óskað eftir mati á notkun einveruherbergja í kjölfar erindis frá fagdeildinni. Tveir fulltrúar úr fagdeildinni fóru á fund í ráðuneytinu þann 27. september og komu á framfæri faglegu álitum meðal annars um skaðsemi einveruherbergja.

Þann 3. nóvember 2022 stóð Fagdeild fræðslu- og skólafélagsráðgjafa í samstarfi við Félagsráðgjafafélag Íslands og Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands að fyrirlestri á Hótel Reykjavík Natura með dr. Todd I. Herrenkohl prófessor í félagsráðgjöf við University of Michigan School of Social Work. Dr. Todd hefur unnið að þróun forvarnarverkefnisins TIPPS – Trauma-Informed Programs and Practices for Schools – sem verið er að innleiða í skóla í

Michiganfylki í Bandaríkjunum. Yfirskrift fyrirlestursins var: *Kerfisbreytingar innan skóla til að takast á við aðlögun barna sem hafa upplifað áföll*. Ásamt dr. Todd fluttu Hrefna Björk Karlsdóttir, Guðrún Ebba Ólafsdóttir, dr. Sigrún Harðardóttir og Ásmundur Einar Daðason mennta- og barnamálaráðherra erindi. Að loknum fyrirlestri var boðið upp á fræðslufund fyrir félagsráðgjafa með dr. Todd um áfallamiðaða nálgun.

Á fundi framkvæmdanefndar starfsmats Sambands Íslenskra sveitarfélaga þann 30. nóvember 2021 var ákveðið að gefa út starfsheitið skólafélagsráðgjafi hjá Félagsráðgjafafélagi Íslands. Verkefnastofa starfsmats sendi beiðni til þriggja sveitarfélaga og óskaði eftir starfslýsingu og útfylltum spurningalista fyrir starfið. Gögn frá öllum sveitarfélögum voru komin í júní 2022. Starf skólafélagsráðgjafa var samþykkt á fundi framkvæmdanefndar starfsmats þann 29. nóvember 2022. Í kjölfar þessarar vinnu samþykkti samstarfsnefnd nýtt mat á starfi skólafélagsráðgjafa sem gildir frá 1. júlí 2022 eða frá þeim tíma þegar viðeigandi gögn voru komin til Verkefnastofu vegna starfsins. Starfið fékk 688 stig í starfsmati og raðast í launaflokk 171. Sambærilegt mat og starfsheitið skólafélagsráðgjafi var einnig samþykkt í starfsmati fyrir Reykjavíkurborg.

Fagdeildin boðaði starfandi skólafélagsráðgjafa aftur til fundar þann 19. apríl sl. til að ræða útfærslu farsældarlaganna í skólum, kynna verkfærakistu skólafélagsráðgjafa, ráðstefnu fyrir skólafélagsráðgjafa í Bandaríkjunum árið 2024 og fyrirhugað diplómanám á meistarastigi í áfallamiðuðu skólastarfi á vegum Félagsráðgjafardeildar HÍ. Námið er ætlað félagsráðgjöfum og öðru fagfólki sem starfar í skólum.

Eins og fram hefur komið í síðustu skýrslum fagdeildar þá lagði Albertína Friðbjörg Elíasdóttir þáverandi þingkona Samfylkingarinnar fram tillögu til þingsályktunar um félagsráðgjöf í grunn- og framhaldsskólum í mars 2020 og mælti Albertína fyrir henni á Alþingi í lok nóvember sama ár. Tillagan hefur nú verið endurflutt í fjórða skipti en Oddný Harðardóttir þingkona og flokksystir Albertínu tók að sér fylgja tillögunni eftir. Síðast mælti Oddný fyrir tillögunni þann 8. nóvember sl. og er hún nú til vinnslu í allsherjar- og menntamálanefnd.

Líkt og undanfarin ár er áframhaldandi markmið að viðhalda og virkja samskipti þeirra félagsráðgjafa sem nú þegar eru starfandi í skólum landsins ásamt því að fylgja eftir áður nefndri þingsályktunartillögu og nýta tækifærið að efla og vekja athygli á félagsráðgjöf í skólum í ljósi farsældarlaganna.

25. apríl 2023

Krísturín Helga Ólafsdóttir  
Guðbjörg Edda Hermannsdóttir  
Sigrún Harðardóttir